

Eldisstöðin Íspór hf.
Nesbraut 25
815 Þorlákshöfn

9. janúar 2026
UOS2501400/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 27. nóvember 2025 – ID 234

Þann 27. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Eldisstöðin Íspór hf. Þorlákshöfn í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Töluvert af fugli var við frárennslið við seiðaeldið.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfinu. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlitið fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 16. desember 2025, frávikin er lokað.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfinu. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Græna bókhaldið fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum.
3. 2. Gr. reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Rekstraraðila ber að skila inn útstreymisbókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 16. Desember 2025, frávikin er lokað.
4. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Taka skal mynd tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring. Hvort rennsli sé viðunnandi. Engar myndir voru teknar við útrásina árið 2024.
5. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Við útrás þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka má ekki vera uppsöfnun næringaefna. Uppsafnað fóður var í útrás.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits